

Er ofbeldi í grunnskólum ásættanlegt?

Morgunblaðið 23. desember 2014

Eyþór Bjarki Sigurbjörnsson fyrir hönd KFR

Í Fréttablaðinu þriðjudaginn 16. desember var frétt sem bar fyrirsögnina Ofbeldi og hótanir daglegt brauð í lífi skólabarnanna. Við sem störfum í grunnskólum vitum að þetta er því miður rétt. Ofbeldi er vaxandi vandamál, vandamál sem lítið hefur verið rætt í samfélaginu og við því þarf að bregðast með markvissum hætti. Alltof oft berast okkur sem störfum innan grunnskólans fréttir af nemendum, starfsfólki og kennurum sem eru þolendur ofbeldis, það er af hálfu nemenda sem í raun hafa ekki getu til að vera í hefðbundnu skólaumhverfi. Starfsumhverfið sem boðið er uppá í grunnskólum er því ekki öruggt. Allir geta átt von á að verða fyrir grjótkasti, teknir hálstaki eða slegnir (svo örfá dæmi séu tekin) af einstaklingum sem eru hættulegir sjálfum sér og öðrum.

Réttilega er bent á að í reglugerð um ábyrgð og skyldur aðila skólasamfélagsins segir að allir skólar skuli hafa heildstæða stefnu fyrir viðkomandi skóla til að fyrirbyggja og bregðast við líkamlegu, andlegu og félagslegu ofbeldi og félagslegri einangrun. En svo er til eitthvað sem heitir veruleiki. Orð á blaði segja lítið því lausnirnar við ofbeldisfullri hegðun eru fáar sem engar.

Kennarar, starfsmenn og nemendur eru daglega innan um einstaklinga sem þurfa mjög sértæk úrræði en fá ekki. Þessum nemendum er það eitt ætlað að vera innan veggja skólans innan um aðra. Stundum fæst fjármagn til að ráða fullorðinn einstakling til að fylgja og sinna viðkomandi en oftar en ekki hefur sá starfsmaður ekki menntun og reynslu til að vinna með rót hegðunarinnar. Einnig er í skólum mynduð svonefnd viðbragsteymi kennara sem eru sérhæfð í að taka á ofbeldisfullri hegðun. Sem þýðir að ofbeldisfull hegðun er að verða samþykkt stærð innan skólanna. Skólafólk er farið að gera ráð fyrir að ofbeldi sé hluti af starfinu sem það er ekki og á ekki að vera.

Það er heldur engin lausn fólgin í að þeir sem eru þolendur grófs ofbeldis, hvort sem um er að ræða börn eða fullorðna, eigi það eitt að mæta til starfa næsta dag líkt og lausnirnar bjóða uppá í dag. Engar raunverulegar lausnir eru því til aðrar en að sækja um vistun hjá BUGL og vona að svo ólíklega fari að að málið fái flýtimerðferð. Því er um að ræða lausnir sem ganga út á að halda ofbeldinu niðri en ekki að taka á vandanum. Í raun er eina raunhæfa lausnin sú að bíða þess að viðkomandi nemandi útskrifist úr skólanum.

Sumir nemendur þurfa sérhæfða aðstoð heilbrigðiskerfisins, það er sálfræðinga, félagsfræðinga og geðlækna, og það utan veggja skólans í umhverfi sem er öruggt. Lausn er til dæmis fólgin í að koma á fót stofnun sem tekur á móti nemendum sem sýna tilgreinda og fyrirframskilgreinda hegðun. Sú stofnun er opin öllum nemendum og alltaf. Um leið og

ofbeldi hefur átt sér stað er nemandanum vísað á þessa stofnun þar sem unnið er með vandamálið af fagfólki í samvinnu við fjölskyldu einstaklingsins í umhverfi þar sem líf og limir annarra liggja ekki undir. Þegar viðkomandi einstaklingur, í samhengi við fjölskylduna, er talinn hæfur að koma aftur í skólann er það gert í rólegum skrefum með faglegri aðlögun.

Við höfum í dag meðal annars stofnun á borð við BUGL. Þar er unnið frábært starf en því miður er biðlistinn þangað inn mjög langur og í raun eru allsstaðar langir biðlistar. Kerfið er alltof lítið og hægvirkt því vandamálin eru miklu meiri og fleiri en núverandi kerfi ræður við. Það er því á óbeinan hátt verið að samþykkja ofbeldi innan veggja skólanna með aðgerðarleysi.

En fyrsta skrefið er að opna augun fyrir því að ofbeldi er talsvert í grunnskólum landsins. Næsta skref er að vinna að úrlausn. Ástandið er ekki boðlegt neinum.

Það er von okkar að eitthvað verði gert í framhaldinu og þar kemur inn meðvitund um stöðu mála og vilji frá yfirvöldum heilbrigðis- og menntamála að vinna með börn sem eru skaðleg sjálfum sér og öðrum. Boltinn er hér með sendur til yfirvalda að búa svo um hnútana að ofbeldi verði aldrei samþykkt og að við sem byggjum þetta samfélag sitjum ekki og horfum á þegar einstaklingar sýna andfélagslega hegðun. Við eigum þar að auki öll rétt á að starfa í öruggu starfsumhverfi.